



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 160. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í Mývatnssveit og fjarfundi, mánudaginn 21. júní 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi

Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,

1. Svæðisráð suðursvæðis - 96 - 2106001F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

2. Norðursvæði Jökulsárgljúfur - af vettvangi - 1910005

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum fór yfir málin.

Gestir

Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður - Fundur stjórnar, svæðisráðs og sveitastjórna norðursvæðis - 10:00

Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 10:00

Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður á láglendi norðursvæðis kynnti helstu áherslur og stöðuna í starfsemi á svæðinu nú í upphafi sumarvertíðar í móttöku ferðamanna.

3. Norðursvæði hálendi - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2007041

Þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi fór yfir málin.

Gestir

Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður - Fundur stjórnar, svæðisráðs og sveitastjórna norðursvæðis - 10:00

Anna Þorsteinsdóttir þjóðgarðsvörður á hálendi norðusvæðis kynnti helstu áherslur og stöðuna í starfsemi á svæðinu nú þegar sumarvertíð á hálendinu er að hefjast. Einnig kynnti hún framkvæmdir við nýja gestastofu þjóðgarðsins. Undir þessum lið mættu á fundinn umhverfis- og auðlindaráðherra, forstöðumenn Umhverfisstofnunar, Landgræðslunar og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) auk fulltrúa Norðurlþings, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Ráðherra ávarpaði fundinn og í framhaldinu fór fram sérstök athöfn sem markar upphaf framkvæmda við gestastofu.

4. Rekstur 2021 - 2101030

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu fjármála þjóðgarðsins. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu í rekstri stofnunarinnar eftir fyrstu fimm mánuði ársins. Staðan er í ágætu jafnvægi en nokkur óvissa er enn um sértekjur sem byggjast á fjölda gesta sem koma í Vatnajökulsþjóðgarð. Staðan er þó talsvert jákvæðari en fyrir nokkrum vikum síðan vegna fjölgunar erlendra ferðamanna til landsins sem margir leggja leið sína í Vatnajökulsþjóðgarð.

5. Verkferlar - stjórn og svæðisráð - 2106016

Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá lögfræðingi þjóðgarðsins.

Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur - 13:10

Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingum þjóðgarðsins gerði grein fyrir vinnu við að skerpa á verkferlum í starfi stjórnar og svæðisráðs.

6. Auglýsing á störfum þjóðgarðsvarða á suðursvæði - 2106017

Fyrir fundinum lá minnisblað og tillaga suðursvæðis um að auglýst verði eftir tveimur þjóðgarðsvörðum á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samþykkir tillögu svæðisráðs suðursvæðis um að auglýst verði eftir tveimur þjóðgarðsvörðum fyrir svæðið, annar sem sjái um Skaftafell og Örafen og hinn sem sjái um Breiðamerkusand og svæði þjóðgarðsins austur að Höfn. Framkvæmdastjóra falið að láta auglýsa störfin.

7. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079

Verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar fór yfir umsagnarferli og lagði fram minnisblað um framganginn.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:15

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir verkefnisstjóri fór yfir stöðu kynningarferlis 3. útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Allir sem áhuga hafa geta sent inn umsagnir um tillöguna til 9. ágúst nk. og er hún aðgengileg á vefsíðu Vatnajökulsþjóðgarðs.

8. Stjórnunar- og verndaráætlun 4.útgáfa - Verkefnisáætlun - 2106018

Lagt fram minnisblað frá verkefnastjóra stjórnunar- og verndaráætlunar varðandi heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar, sem mun verða 4.útgáfa.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:30

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir verkefnisstjóri lagði fram tillögu að vinnuáætlun og tímalínu fyrir heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar. Stjórn leggur til að

drög að verkefnislýsingu verði lögð fyrir stjórn til umfjöllunar í september.

9. Íshellaferðir og jöklagöngur veturinn 2021-2022 - 2104062

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um niðurstöðu svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samþykkir tillögu svæðisráðs suðursvæðis um að fyrirtækjum með samning við þjóðgarðinn um íshellaferðir og jöklagöngur verði boðin framlenging á þeim samningum út apríl 2022 án skilyrða um fjöldatakmarkanir. Stjórn samþykkir einnig að auglýst verði eftir nýjum umsóknum með sömu skilyrðum og án fjöldatakmarkana til að tryggja mögulega nýliðun.

Stjórn tekur undir með svæðisráði suðursvæðis að í ljósi ástands í ferðapjónustunni sé með þessu fyrirkomulagi komið til móts við þau fyrirtæki sem eru með samning við þjóðgarðinn, auk þess að gefa nýjum fyrirtækjum svigrúm til þess að komast inn á markaðinn.

10. Tillaga að stækkun VJP - Sandfell og Hoffellslambatungur - 2106009

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um tillögu um stækkun þjóðgarðsins.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 15:00

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fagnar erindinu og mælir með því að hluti af jörðinni Sandfell og svæðið Hoffellslambatungur verði friðlýst sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn tekur undir með svæðisráði suðursvæðis um að fjármagn til rekstrar og uppbyggingu innviða þurfi að fylgja þegar nýjum svæðum er bætt við Vatnajökulsþjóðgarð.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:30.